

# Orðflokkagreining

- Orðum er skipt í flokka eftir
  - **Merkingarlegum einkennum** t.d.: Nafnorð eru heiti á hlutum, lifandi verum og hugtökum.
  - **Beygingarlegum einkennum** t.d.: Nafnorð beygjast í kyni, tölu og falli.
  - **Setningarlegum einkennum** t.d.: Nafnorð bæta við sig greini og geta tekið með sér ákvæðisorð.

**Flokkun eftir setningarlegum einkennum er öruggasta leiðin að réttri greiningu.**

# Orðflokkar

- Orðflokkar eru misviljugir að bæta við sig orðum og er því skipt í:
  - Opna orðflokka: Mjög opnir fyrir nýyrðum og tökuorðum: Nafnorð, lýsingarorð, sagnorð og sumir undirflokkar atviksorða.
  - Lokaðir orðflokkar: Taka ekki við nýyrðum eða tökuorðum: Töluorð, greinir, fornöfn og allir flokkar smáorða/óbeygjanlegra orða nema nokkrir undirflokkar atviksorða.

# Nafnorð (no)

- Skiptast í sérnöfn og samnöfn
- Bæta við sig greini: Viðskeyttur og laus
  - Góði maðurinn
  - **Hinn** góði maður
- Geta tekið með sér ýmis ákvæðisorð
  - **Allir, þessir, skemmtilegu** synir Jóns ...
- Eru í karlkyni (kk), kvenkyni (kvk) eða hvorugkyni (hk)

# Nafnorð (no)

- Fallbeyggjast
  - nf. (hér er) maður
  - þf. (um) mann
  - þgf. (frá) manni
  - ef. (til) manns
- Tölubeyggjast
  - Eintala (et) maður
  - Fleirtala (ft) menn
- Beyggjast veikt eða sterkt

# Lýsingarorð (lo)

- Geta staðið sem ákvæðisorð með nafnorðum
  - **Góður** maður
- Geta tekið atviksorð sem ákvæðisorð
  - **afskaplega** / **mjög** / **afar** góður maður
- Sambeygjast nafnorðinu sem þau standa með, þ.e. þiggja af því kyn, tölu og fall.
  - Fallegur bíll, um fallegan bíl
  - Fallegar rósir, frá fallegum rósum

# Lýsingarorð (lo)

- Beygjast bæði sterkt og veikt
  - Falleg rós
  - Fallega rósin
- Stigbreytast
  - Hár – hærri - hæstur
  - Góður – betri – bestur
- Lýsingarorð lýsa einkennum einhvers fyrirbæris

# Fornöfn (fn)

- Geta verið hliðstæð, þ.e. ákvæðisorð, og sérstæð.
  - **Þessi** maður keypti ís
  - **Allir** keyptu ís.
- Beygjast í kyni, tölu og falli.
- *For-nöfn* – standa í stað annarra fallorða, ekki síst nafnorða og draga nafn sitt af því.
- Þið þurfið ekki að greina fornöfn í undirflokk þótt þeir séu taldir upp á næstu glæru.

# Fornafnaflokkar (ÁSAPÓE)

- Persónufornöfn
  - 1. persóna: ég – við
  - 2. persóna: þú – þið
  - 3. persóna: hann/hún/það – þeir/þær/þau
- Eignarfornöfn: minn, þinn, sinn, (vor)
- Afturbeygt fornafn: sig (þf) – sér (þgf) – sín (ef)
  - afn. er ekki til í nefnifalli
- Ábendingarfornafn: sá, þessi, hinn
- Spurnarfornafn: hver, hvor, hvaða, hvílíkur



# Óákveðin fornöfn

- Annar, fáeinir, enginn, neinn.  
ýmis, báðir, sérhver,  
hvorugur, sumur, hver (og) einn  
hvor (og) nokkur, einhver.
- Annar hvor, annar hver, annar tveggja, hvor  
tveggja, allur
- Slíkur, sjálfur, samur og þvílíkur (óákveðin  
ábendingarfornöfn)

# Töluorð (to)

- Skiptast í frumtölur og raðtölur
  - Einn, tveir, þrír (frumtölur)
  - Fyrsti (1.), annar (2.), þriðji (3.) (raðtölur)
- Geta verið bæði hliðstæð og sérstæð
  - Fjórtán menn tóku þátt í sýningunni
  - Fjórtán tóku þátt í sýningunni.
- Fyrstu 4 frumtölurnar fallbeygjast
- Raðtölur beygjast í kyni, tölu og falli

# Ekki eru allar tölur töluorð

- ATH. Sumar tölur eru nafnorð t.d. tugur, hundrað, þúsund, milljón, milljarður ...
  - Þær bæta við sig greini.
- ... og sumar tölur eru lýsingarorð t.d. nírað, fertugur, tvítugur ...
- ... og enn aðrar tölur eru atviksorð t.d. tvisvar, þrisvar

# Greinir (gr)

- Laus greinir
  - **Hinn** góði maður
  - Passa að rugla ekki við áfn-ið hinn sem stendur alltaf með nafnorði með greini, sbr. **Hinn** maðurinn
- Viðskeyttur greinir
  - Góði maðurinn
- Greinir beygist í kyni, tölu og falli

# Sagnorð (so)

- Persónubeygð sögn er í 2. sæti í grundvallarorðaröð
  - Færist í fyrsta sæti í já/nei-spurningu
  - Gamla konan **reytti** arfann.
  - **Reytti** gamla konan arfann?
- Tíðbeygjast
  - Nútíð: Maðurinn fer í dag
  - Þátíð: Maðurinn fór í gær

# Sagnorð (so)

- Persónu- og tölubeygjast
  - Maðurinn fór (3. p. et.)
  - Mennirnir fóru (3. p. ft.)
  - Þú fórst (2. p. et.)
  - ATH. ópersónulegar sagnir beygjast hvorki í persónu né tölu
- Beygjast í myndum: germynd, þolmynd og miðmynd
- Beygjast í háttum

# Sagnorð (so)

- Skiptast í áhrifssagnir og áhrifslausar sagnir:
  - Áhrifssagnir hafa áhrif á fall fallorðs sem með þeim stendur. Dæmi: Kötturinn át fiskinn (þf).
  - Áhrifslausar sagnir hafa ekki áhrif á fall fallorðs sem með þeim stendur: Dæmi: Þetta er hestur (nf). Maðurinn heitir Páll (nf).

# Smáorð / óbeygjanleg orð

- Forsetningar (fs)
  - Stýra falli á fallorðum:
  - ég, **um** mig, **frá** mér, **til** mín
- Samtengingar (st)
  - Tengja saman orð eða setningar
  - Aðaltengingar og aukatengingar
  - Jón **og** Gunna eru hjón.
  - Siggi sagði **að** hann ætlaði í bæinn.



# Smáorð / óbeygjanleg orð

- Nafnháttarmerki (nhm)
  - *að* á undan sögn í nafnhætti
  - *að* fara, *að* koma, *að* sitja ...
- Upphrópanir (uh) – ekki rugla saman við samnefnt greinarmerki (!)
  - Ái, æ, já, nei, halló, hæ, bæ.

Upphrópanir eru stundum greindar með atviksorðum

# Smáorð / óbeygjanleg orð

- Atviksorð (ao)
  - Standa með sögnum
    - Ég fer **heim**.
  - Standa með lýsingarorðum
    - Ég keypti **sjúklega** flottan kjól í gær.
  - Standa með öðrum atviksorðum
    - Mig langar **hrikalega mikið** í ís núna.
  - Standa oft í setningunni miðri eða í lok hennar.
  - Ég ætla **ekki** að fara á morgun.
  - Ég kem **bráðlega**.

# Smáorð / óbeygjanleg orð

- Atviksorð frh.

Hjálparorð:

- **Hvar**: hér, þar, þarna, inni, úti
- **Hvert**: hingað, þangað, út, suður
- **Hvernig**: vel, lengi, frábærlega
- **Hvenær**: núna, bráðum, fyrst
- **Hversu oft**: aldrei, oft, stundum